



Borgarráð

Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um aðgang borgarfulltrúa að gögnum borgarráðs.

Á fundi borgarráðs þann 26. september sl. lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að allir borgarfulltrúar í borgarstjórn Reykjavíkur, sem kjörnir eru aðalmenn, fái aðgang að dagskrá og gögnum sem lögð eru fyrir borgarráðsfundi áður en fundir borgarráðs fara fram. Þannig verði kjörnum fulltrúar gert að láta þær upplýsingar í té sem ætlast er til af þeim og/eða gangast undir þá skilmála sem gerð er krafa um svo unnt sé að veita þeim aðgang að borgarráðsgögnum.

Tillögunni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjórnar.

Í 35. gr. sveitarstjórnarlaga kemur fram að sveitarstjórn getur ákveðið í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að kosið skuli byggðarráð, í Reykjavík nefnt borgarráð. Byggðarráð telst til fastanefnda sveitarstjórnar, og fer ásamt framkvæmdastjóra með framkvæmdastjórn og fjármálastjórn sveitarfélagsins að því leyti sem þessi mál eru ekki öðrum falin. Byggðarráð hefur eftirlit með stjórnarsýslu sveitarfélagsins og fjármálastjórn þess, semur drög að fjárhagsáætlun og viðaukum við hana og leggur þau fyrir sveitarstjórn. Þá sér byggðarráð um að ársreikningar sveitarfélagsins séu samdir reglum samkvæmt og lagðir fyrir sveitarstjórn til meðferðar og afgreiðslu. Heimilt er jafnframt að ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélags að ályktanir, tillögur og fundargerðir annarra nefnda megi leggja fyrir byggðarráð til umfjöllunar áður en þær eru lagðar fyrir sveitarstjórn til kynningar eða endanlegrar afgreiðslu. Byggðarráði er heimil fullnaðarákvörðun mála sem eigi varða verulega fjárhag sveitarsjóðs eða stofnana hans, enda sé eigi ágreiningur innan ráðsins eða við framkvæmdastjóra um ákvörðunina, en meðan sveitarstjórn er í sumarleyfi fer byggðarráð með sömu heimildir og sveitarstjórn hefur ella. Þá er heimilt að fela byggðarráði fullnaðarafgreiðslu einstakra mála sem samkvæmt samþykktum sveitarfélags hafa áður komið til umfjöllunar annarra nefnda sveitarstjórnar. Í 36. gr. sveitarstjórnarlaga er fjallað um kosningu í byggðarráð en þer kemur fram að byggðarráð skal kosið til eins árs í senn nema annað sé ákveðið í samþykkt um stjórn

sveitarfélags. Fjöldi aðalmanna í byggðarráði skal standa á oddatölu. Aðalmenn í byggðarráði skulu ekki vera fleiri en nemur helmingi af aðalfulltrúum í sveitarstjórn, þó mest níu. Kjósa skal jafnmarga aðal- og varamenn. Aðalmenn í byggðarráði skulu koma úr hópi aðalmanna í sveitarstjórn. Varamenn skal einnig velja úr hópi aðalfulltrúa í sveitarstjórninni. Sveitarstjórn kýs formann og varaformann byggðarráðs úr hópi kjörinna byggðarráðsmanna.

Í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019 kemur fram að borgarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa sjö aðalmenn í borgarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalmenn í borgarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í borgarráð, sbr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga. Borgarstjórn kýs formann og varaformann borgarráðs úr hópi kjörinna borgarráðsmanna. Borgarstjóri situr fundi borgarráðs með málfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé borgarfulltrúi og kjörinn í borgarráð. Framboðsaðila sem fulltrúa á í borgarstjórn en nær ekki kjöri í borgarráð er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku á fundum borgarráðs með málfrelsi og tillögurétt. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi í borgarráði skulu vera aðalmenn í borgarstjórn. leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Borgarráð hefur eftirlit með stjórnarsýslu borgarinnar og fjármálastjórn hennar, semur drög að fjárhagsáætlun og viðaukum við hana og leggur hana fyrir borgarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Borgarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra mála samkvæmt fjárhagsáætlun. Þá sér borgarráð um að ársreikningar borgarsjóðs séu samdir reglum samkvæmt og þeir, ásamt ársreikningum stofnana og fyrirtækja, lagðir fyrir borgarstjórn til meðferðar og afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um. Meðan borgarstjórn er í sumarleyfi fer borgarráð með sömu heimildir og borgarstjórn hefur ella. Þá getur borgarstjórn falið borgarráði fullnaðarafgreiðslu einstakra mála nema lög mæli á annan veg.

Borgarráðsfundir eru haldnir fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum. Borgarráð er boðað til fundar í viku hverri með skriflegu rafrænu fundarboði ásamt dagskrá og fundargögnum a.m.k. 40 klukkustundum fyrir fund. Dagskrá borgarráðsfunda er birt á vef Reykjavíkurborgar ásamt öllum fylgigögnum sem ekki eru bundin trúnaði. Að loknum fundi borgarráðs eru öll fundargögn sem ekki eru bundin sérstökum trúnaði birt á heimasíðu Reykjavíkurborgar samdægurs. Hvorki ákvæði sveitarstjórnarlaga né samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar gera ráð fyrir því að aðrir borgarfulltrúar en þeir sem eru kjörnir sem aðal- og varamenn í borgarráði hafi aðgang að gögnum ráðsins áður en fundur er haldinn. Vakin er athygli á að borgarráð fundar vikulega og um er að ræða tæpa tvo sólarhringa sem kjörnir borgarráðsmenn hafa tækifæri til að undirbúa sig fyrir fund. **Með vísan í stöðu borgarráðs m.v.t. ákvæða sveitarstjórnarlaga og skilgreind verkefni ráðsins sem bæði fer bæði með framkvæmdastjórn og fjármálastjórn Reykjavíkurborgar er ekki fallist á að veita aukinn aðgang að trúnaðarmerktum gögnum borgarráðs fyrr en kjörnir borgarráðsmenn sjálfir hafa haft tækifæri til að taka afstöðu til þeirra á fundi sínum.**

Virðingarfyllst

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar

